

A 1850/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Forsætisnefndin forsætisnefndarinnar um
þingmannatillögu
um að viðhalda frjálsri för á Norðurlöndum þegar hættuástand ríkir

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að efla umboð og hlutverk Stjórnsýsluhindranaráðsins

að fast samstarf landamærasvæða um hagtölur verði sett á lagginnar.

Skýring

Flokkahópur miðjumanna lagði til að

Norðurlandaráð beindi þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að hefja samnorræna rannsókn til að finna út hvernig vinna megi gegn stjórnsýsluhindrunum og komast hjá lokun landamæra á Norðurlöndum þegar hættuástand ríkir

Þingmannatillagan var til fyrstu afgreiðslu í Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni 26. janúar þar sem nefndin ályktaði að málið ætti best heima í forsætisnefnd, auk þess sem nefndin vildi senda erindi til forsætisnefndar þar að lútandi með þeim sjónarmiðum sem fram komu á fundinum. Erindið frá Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni var tekið til afgreiðslu í forsætisnefnd 8. mars, þar sem forsætisnefnd samþykkti að hinar ýmsu þingmannatillögur sem afgreiddar eru árið 2021 um kórónuveirukreppuna verði liður í undirbúningi leiðtogafundarins með forsætisráðherrunum á 73. þingi Norðurlandaráðs.

Að því loknu var sjálf þingmannatillagan til afgreiðslu í forsætisnefnd 13. apríl þar sem forsætisnefnd ákvað að forsætisnefnd skyldi undirbúa þingmannatillöguna fyrir endanlega afgreiðslu, auk þess sem þingmannatillagan væri viðfangsefni vinnuhóps forsætisnefndar um leiðtogafundinn. Á fundi forsætisnefndar í apríl var takmörkuð pólitísk umræða um þingmannatillöguna en inntak tillögunnar með tilliti til stjórnsýsluhindrana í kórónuveirukreppunni var rætt undir öðrum dagskrárlið á fundi-



num um vinnu forsætisnefndar að mótun framtíðarsýnar 2021. Hér létu fulltrúar forsætisnefndar m.a. í ljós að endurheimt frjálsrar farar væri grunnkjarni norræns samstarfs, á sama tíma og virða yrði fullveldi ríkja og að þegar landamærum er lokað verði þjóðríkin að axla ábyrgð á íbúum landamærasvæða.

Annað sjónarmið sem var sett fram í umræðunni um mótun framtíðarsýnar, sem einnig var sett fram af Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni í janúar, var að ástandið í kórónuveirukreppunni væri tækifæri til að endurræsa norrænt samstarf þannig að Norðurlöndin geti verið betur undirbúin næst. Þetta sjónarmið hefur einnig komið fram í umræðum í vinnuhópi forsætisnefndar um leiðtogafundinn.

Að því er varðar tilmælin í þingmannatillögum, þá hafa mál þróast á þann veg eftir að tillagan var sett fram að samstarfsráðherrarnir ákváðu þann 29. apríl að hrinda í framkvæmd stefnumarkandi könnun á norrænu samstarfi á krepputímum í því skyni að nýta þekkingu og reynslu af kórónuveirufaraldrinum og um leið efla svæðisbundið samstarf þegar vá steðjar að.

Skýrslugjafinn, Jan-Erik Enestam, ásamt kollega sínum Marcus Henricson, á að semja um það bil 10-15 beinar tillögur, sem eiga að efla og þróa norrænt samstarf á sviði neyðarviðbúnaðar, einkum innan ráðherranefndarinnar.

Í erindisbréfinu stendur m.a.: „Tillögurnar og tilmælin ættu að ná til sviða þar sem telja má að ráðherranefndin geti skapað virðisauka t.d. sem samráðsvettvangur, vettvangur upplýsingaskipta og miðlunar reynslu eða til innbyrðis samræmingar aðgerða ríkisstjórnanna. Undir slík svið falla meðal annars verkefni sem stuðla að hreyfanleika, opnum vinnumarkaði og frjálsri för á Norðurlöndum ásamt sérstökum áskorunum landamærasvæða, mál sem varða sóttvarnir og heilbrigðisógnir, ásamt stuðningi við áframhaldandi aðlögun sem fellur að framtíðarsýninni 2030.“

Álit forsætisnefndarinnar

Forsætisnefnd telur að meginþætti þingmannatillögunnar sé lokið í tengslum við ákvörðun samstarfsráðherranna um að láta fram fara stefnumarkandi könnun á norrænu samstarfi á krepputímum. Forsætisnefnd væntir þess að úttektin fari fram í samráði við Norðurlandaráð.

Forsætisnefnd telur að Norðurlandaráð geti til lengri tíma litið gegnt hlutverki með því að fylgja eftir væntanlegri úttekt. Því leggur forsætisnefnd til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún efli umboð og hlutverk Stjórnsýsluhindranaráðsins, auk þess sem að fast samstarf landamærasvæða um hagtölur verði sett á laggirnar, en það hefur Norðurlandaráð áður lagt til í tengslum við gerð framkvæmdaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar 2021-2024.



Norðurlöndum 28. júní 2021

Bertel Haarder (V)

Erkki Tuomioja (sd)

Gunilla Carlsson (S)

Karin Gaardsted (S)

Martin Kolberg (A)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Jouni Ovaska (cent)

Hans Wallmark (M)

Michael Tetzschner (H)

Wille Rydman (saml)

Christian Juhl (EL)

Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)

Aron Emilsson (SD)